



Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Arnarhvoli, Lindargötu  
150 Reykjavík

Reykjavík 24. maí 2021

### **Efni: Athugasemdir Arion banka vegna samráðs um hámark á milligjöld vegna innlendra debetkortafærslna**

Í samráðsgátt hefur verið birt samráðsskjal, mál nr. 104/2021, þar sem Fjármála- og efnahagsráðuneytið óskar eftir sjónarmiðum hvort tilefni sé til að leggja til lægra hámark á milligjöld vegna innlendra debetkortafærslna en 0,2% og þá hvert hámarkið eigi að vera. Arion banki leggst gegn því að lagt verði til lægra hámark á milligjöld vegna innlendra debetkortafærslna en 0,2% með eftirfarandi rökum.

Milligjald til útgefanda debetkorta er ætlað að standa straum af ýmsum kostnaði meðal annars vinnslukostnaði útgefanda, kostnaði vegna kortasvika auk kostnaðar vegna greiðsluábyrgðar útgefanda. Þegar útgefandi samþykkir heimildarbeiðni á kort, þá tekur hann á sig greiðsluábyrgð gagnvart færsluhirði og helst sú greiðsluábyrgð þrátt fyrir að um sviksamlega færslu sé að ræða eða ef til vanskila kemur hjá korthafa. Með breytingu á auðkenningu færslna undanfarin ár hefur fjárhagsleg ábyrgð á kortasvikum færst í auknu mæli af færsluhirðum yfir á útgefendur. Breyting á auðkenningu færslna felur í sér að flestar færslur eru nú framkvæmdar á snertilausan hátt, með innslætti PIN númers eða með Vottun Visa (Visa Secure).

Þá hafa útgefendur séð mikla aukningu í kortasvikum og eru þau oft á tíðum vel útfærð. Mikilvægt er fyrir neytendur að sá kostnaður sem útgefendur bera vegna útgáfu debetkorta leggist ekki með öðrum hætti á neytendur og að debetkort verði áfram hagkvæmur greiðslumiðill sem tryggir neytendum ríka vernd.

Markaður á Íslandi fyrir debetkort er mjög lítil, einn sá minnsti í Evrópu. Þar af leiðandi er kostnaður hár reiknað niður á hverja færslu. Á síðustu árum hafa útgefendur þurft að standa undir kostnaðarsamri útskiptingu á greiðslukerfum og er frekari endurnýjun fyrirhuguð.

Kortanotkun er mjög útbreidd á Íslandi. Debetkort eru greiðslumiðill sem oft á tíðum er notaður fyrir smáar upphæðir, sér í lagi hjá börnum og unglingum. Börn hafa heimild til að fá debetkort allt niður í 9 ára. Sú útgáfa er á kostnað útgefandans og þar sem ófjárráða aðilar greiða ekki árgjöld né færslugjöld. Því er milligjaldið eina tekjulind bankans til að standa straum af kostnaði við notkun þessara einstaklinga.

Ný tækni með farsímagreiðslum og öðrum snjalltækjum hefur rutt sér til rúms á síðustu misserum. Þessi tækni flýtir fyrir afgreiðslu og eykur öryggi í viðskiptum til hagsbóta fyrir bæði kaupmenn og korthafa. Engin gjaldtaka hefur verið lögð á korthafa eða kaupmenn vegna þessarar þróunar heldur er hún alfarið kostuð af útgefendum. Þróun og rekstur þessara lausna eru mjög kostnaðarsöm sem útgefendur korta þurfa að standa undir.

Arion banki leggst gegn því að lagt verði til lægra hámark á milligjöld vegna innlendra debetkortafærslna en 0,2%. Verði lækkun á hámarkinu leidd í lög á Íslandi telur bankinn að erfitt verði að standa undir kostnaði við útgáfu debetkorta nema með hækkun annarra gjalda á korthafa.

Virðingarfyllt,

Unnur Erla Jónsdóttir, forstöðumaður